

AFKASTAAUKNING FISKIMJÖLSVERKSMIÐJU Í HELGUVÍK, REYKJANESBÆ

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að afkastaaukning fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar hf. í Helguvík, Reykjanesbæ, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að breytingar á verksmiðjunni hafi í för með sér að hráefni til bræðslu verði ferskara, geymslutími muni stytast og minni líkur á því að unnið verði gamalt hráefni sem valdið geti aukinni lyktarmengun. Áhrif á loftgæði verði því óveruleg. Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð framkvæmd muni ekki hafa í för með sér verulega aukningu mengunar, hvorki vegna frárennslis né útblásturs. Ef nauðsyn krefur, getur Umhverfisstofnun sett skilyrði í starfsleyfi um magn og meðferð hráefnis sem og mengunarvarnabúnað samfara stækkun verksmiðjunnar, m.a. krafist aukinnar hreinsunar, verði lyktareyðing ekki fullnægjandi.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Síldarvinnslunnar hf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Síldarvinnslunnar hf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að afkastaaukning fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar hf. í Helguvík, Reykjanesbæ, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 29. júlí 2011.

INNGANGUR

Þann 13. maí 2011 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Síldarvinnslunni hf. um afkastaaukningu fiskimjölsværksmiðju fyrirtækisins í Helguvík í Reykjanesbæ samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Reykjanesbæjar, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Reykjanesbæ með bréfi dags. 27. maí 2011, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfi dags. 27. maí 2011 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 21. júní 2011. Frekari upplýsingar bárust frá Síldarvinnslunni með bréfi dags. 10. júní 2011.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í greinargerð Síldarvinnslunnar kemur fram að tilgangur framkvæmda við fiskimjölsværksmiðju í Helguvík hafi verið að auka afköst værksmiðjunnar í allt að 1.200 tonn á sólarhring, með öflugri þurrkun, suðu og vökvaferli, auk þess að bæta orkunýtingu. Mjölgeymslurými værksmiðjunnar hafi verið aukið um 2.000 tonn með tilkomu tveggja mjölturna sem fluttir voru úr aflagðri værksmiðju í Grindavík. Viðbygging hafi verið reist við mjölgeymslu og ofan á turnana byggt skýli fyrir flutningsbúnað. Einnig var byggt nýtt hús yfir soðeimingartækin. Við þetta hafi grunnflötur værksmiðjunnar aukist um 150-170 m². Húsakynni breyttust ekki að öðru leyti. Með tilkomu stærri fiskiskipa hafi þörf fyrir aukin afköst vaxið og munu breytingarnar gera værksmiðjunni auðveldara að vinna stóra farma á skemmri tíma. Gæði afurða aukast þar með og líkur minnka á að hráefni skemmist meðan á vinnslu stendur.

Orkunotkun. Fram kemur að breytingar á tækjabúnaði hafi leitt til þess að olíunotkun værksmiðjunnar hefur minnkað, þar sem stór hluti þurrkunarinnar fari fram í gufuþurrkaranum, sem nýti gufu frá rafkatli værksmiðjunnar. Einnig séu nýju soðeimingartækin keyrð á rafmagni.

Miðað við mælingar á eldsneytisnotkun frá því fyrir breytingar á tækjabúnaði hafi olíunotkun minnkað umtalsvert eða úr um 40 l á tonn af hráefni í um 20 l á tonn af hráefni.

Áhrif á loftgæði. Fram kemur að reynt sé að lágmarka mengunarefni og lykt frá værksmiðjunni eins og kostur sé. Afsog sé frá öllum helstu einingum í blautvinnslu, s.s. sjóðurum, pressum, skilvindum, sniglum og tönkum. Einnig sé vatnsgufa frá gufuþurrkara leidd í gegnum þvotta- og þéttiturna sem tilheyri heitloftsþurrkarasamstæðu værksmiðjunnar. Afsog sé síðan brennt ásamt lekalofti loftþurrkara í brunahólfum loftþurrkara. Brennt afsog ásamt því umframlofti sem þurfi til brennslunnar sé því næst leitt í reykháfa. Núverandi búnaður muni ekki breytast þar sem heitloftsþurrkarar værksmiðjunnar verði notaðir á sama hátt áfram fyrir utan það að álagið á þá minnki. Við breytingar á tækjabúnaði værksmiðjunnar sem lýst hafi verið sé auðveldara fyrir værksmiðjuna að vinna stóra farma á skemmri tíma. Það minnki líkur á að hráefni skemmist meðan á vinnslu stendur með tilheyrandi lyktarmengun. Þetta eigi einkum við um vinnslu á hrati frá hrognatöku.

Áhrif á gæði sjávar. Fram kemur að frárennsli sé leitt frá löndunarhúsi og af gólfi værksmiðjunnar. Áður en frárennslisvatnið berist til sjávar sé það leitt í fitu- og þurrefnisskilju sem fjarlæggi megnið af fitu og föstum efnum. Magn fráveituvatns hafi ekki aukist að neinu marki eftir fyrirhugaðar framkvæmdir ef frá sé talið hlutfallslega meira af þéttivatni frá eimingu samfara afkastaaukningu. Fráveitumálin séu því með óbreyttum hætti.

Áhrif á ásýnd. Fram kemur að mjölnarnir tveir rísi hærra en önnur mannvirki fiskimjölsverksmiðjunnar. Alls ná turnarnir riflega 30 m hæð. Klettabeltið sem umlyki verksmiðjuna sé um 20 m hátt þannig að mjölgeymarnir ná rúmlega 10 m upp fyrir það. Vegna töluverðrar fjarlægðar í næstu íbúðarhúsi, eða um 1,5 km, hafi geymarnir lítil áhrif á ásýnd nema þegar nær er komið.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Fram kemur að Reykjanesbær og Umhverfisstofnun telja ekki líklegt að afkastaaukning fiskimjölsverksmiðjunnar muni hafa í för með sér aukin umhverfisáhrif og því sé ekki tilefni til að umhverfisáhrif hennar verði metin.

Áhrif á gæði sjávar. Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja kemur fram að ekki sé ljóst hvernig fráveitu sé háttað. Minnt sé á að sbr. 2. tölulið, 9. gr., reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp segir m.a.: „*Óheimilt er að leiða skólp þannig að frárennslisop opnist til hafna.*“ Upplýsingar um stærð fitu- og þéttiskilju skorti og hvort virkni skiljunnar anni því aukna vatnsmagni sem fari um skiljuna. Einnig er spurt hvort fitu- og þéttiskiljan sé samnýtt með fyrirtækinu Helguvíkurmjöl ehf.

Í svörum Síldarvinnslunnar kemur fram að skólp frá fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar sé leitt í rotþró sem sé á vegum Reykjanesbæjar. Fráveitumál verksmiðjunnar séu í samræmi við ákvæði í starfsleyfi fyrirtækisins en Umhverfisstofnun hafi eftirlit með því að starfsemin sé í samræmi við starfsleyfið. Frárennslisvatn frá löndun og frá gólfum verksmiðjunnar sé leitt um 10,8 m³ fitu- og þurrefnisskilju, en frárennslis af gólfi í ketilhúsi sé leitt um olfuskiljur. Fram kemur að efni í fráveitu séu vöktuð með sýnatöku og hafi Umhverfisstofnun ekki gert athugasemdir við niðurstöður þeirra. Mælingar frá vertíð síðastliðins vetrar, eftir að afköst verksmiðjunnar hafi verið aukin, sýni enga aukningu mengunarefna í frárennslisvatni. Fram kemur að ekki sé sameiginlegt frárennslis Helguvíkurmjöls og Síldarvinnslunnar í Helguvík.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða afkastaaukningu fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar hf. í Helguvík í Reykjanesbæ í allt að 1.200 tonn á sólarhring. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að breytingar á verksmiðjunni hafi í för með sér að hráefni til bræðslu verði ferskara, geymslutími muni stytta og minni líkur á því að unnið verði gamalt hráefni sem valdið geti aukinni lyktarmengun. Áhrif á loftgæði verði því óveruleg. Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð framkvæmd muni ekki hafa í för með sér verulega aukningu mengunar, hvorki vegna frárennslis né útblásturs. Ef nauðsyn krefur, getur Umhverfisstofnun sett skilyrði í starfsleyfi um magn og meðferð hráefnis sem og mengunarvarnabúnað samfara stækkun verksmiðjunnar, m.a. krafist aukinnar hreinsunar, verði lyktareyðing ekki fullnægjandi.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Síldarvinnslunnar hf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Síldarvinnslunnar hf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að afkastaaukning fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar hf. í Helguvík, Reykjanesbæ, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 29. júlí 2011.

Póroddur F. Póroddsson

Sigurður Ásbjörnsson

